

Þorleifur Eiríksson
 Þorgerður Þorleifsdóttir
 Guðmundur Víðir Helgason

Endurskoðuð skýrsla um niðurstöður efnamælinga á set og sjósýnum við eldissvæði Fiskeldis Austfjarða við Glímeysi í Berufirði.

Tekin voru sýni við eldissvæðið Glímeysi í Berufirði 21. mars 2018 vegna fyrirhugaðrar útsetningar fiskeldiskvía. Sýni voru tekin samkvæmt vöktunaráætlun Fiskeldis Austfjarða og í samræmi við staðalinn ISO 12878:2012.

Hiti sjávar þann 21. mars 2018 við Glímeysi var 3°C

Sýnatökustaðir þann 21. mars 2018 voru fjórir fyrir setsýni og tveir fyrir vatnsýni.

Staðsetningar setsýna eru í töflu 1 og staðsetningar vatnsýna eru í töflu 2.

Tafla 1. Staðsetningar sýnatökustöðva setsýna.

Svæði	Stöðvar	Svæði	N	W
Glímeysi	G-1	Nærsvæði	64° 43.4512	14° 23.5336
Glímeysi	G-2	Millisvæði	64° 43.4366	14° 23.5164
Glímeysi	G-3	Fjarsvæði	64° 43.3899	14° 23.4536
Glímeysi	G-Viðm	Viðmiðunarsvæði	64° 42.9496	14° 22.7247

Tafla 2. Staðsetningar sýnatökustöðva vatnsýna.

Svæði	Stöðvar	Svæði	N	W
Glímeysi	G-Kví	Kvíasvæði	64° 43.3899	14° 23.4536
Glímeysi	G-Viðm	Viðmiðunarsvæði	64° 42.9496	14° 22.7247

Sýni úr botnseti voru tekin með Van Veen botngreip sem hægt er að opna að ofan. Efsta lagið var skafið úr með skeið og fryst.

Sjósýni voru tekin með sjótaka á 50 cm dýpi og kæld.

Mælt var heildar lífrænt kolefni (TOC) í setsýnum en í sjósýnum var mælt heildar nitur (N) og heildar fosfór (P).

Sýni voru efnagreind hjá Sýni ehf.

Niðurstöður efnamælinga úr einsökum sýnum og voru send til RORUM með tölvupósti.

Niðurstöður mælinga á TOC úr setsýnum eru í töflu 3 og niðurstöður mælinga á N og P úr vatnssýnum eru í töflu 4.

Tafla 3: Niðurstöður mælinga á TOC úr setsýnum.

	TOC
Stöðvar	%(W/W) dm
G-1	1,6
G-2	1,6
G-3	1,3
G-Viðm	1,2

Tafla 4: Niðurstöður efnamælinga á N og P úr vatnssýnum.

	Fósfór	Nitur
Stöðvar	mg/l	mg/l
G-Kví	0,05	<0,5
G-Viðm	0,04	<0,5